

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 9. júlímán.

Nr. 13/1888.

B. H. Bjarnason

gegn

Finnboga Árnasyni.

D ó m u r :

Mál þetta er risið út af skuld, er áfrýjandi, B. H. Bjarnason kaupmaður, telur til hjá Finnboga bónda Árnasyni á Suður-Reykjum, að upphæð 275 kr. 30 au. Í hjeradi gagnsótti hinn stefndi sækjanda og fór því fram, að hann alls ekki væri í neinni skuld við áfrýjanda, heldur ætti hann hjá áfrýjanda 238 kr. 14 au., er hann krafðist að áfrýjandi yrði dæmdur til að greiða sjer. Með dómi gestarjettar Kjósar-og Gullbringusýslu, gengnum 20. febr. þ. á., urðu þau úrslit á málinu, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða hinum stefnda 5 kr. 73 au. og 5⁰/₀ vexti af þessari upphæð frá 20. septbr. 1887 til borgunardags; að öðru leyti skyldu málsaðilar sýknir hvor af annars kærnum og kröfum í málinu, og málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefur B. H. Bjarnason áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags 12. marzm. þ. á., og krafizt, að hann verði dæmdur ómerkur með eða án heimvísunar, eða að gagnsóknarmálinu verði vísað frá undirrjettinum, en stefndi skyldaður til að greiða áfrýjandanum 275 kr. 30 au. með 5⁰/₀ vöxtum frá stefnudegi til borgunardags, og málskostnað fyrir

báðum rjettum með einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með 50 kr. eða eptir mati rjettarins.

Að því nú fyrst kemur til ómerkingarkröfu eða frávisunarkröfu áfrýjanda, eða að gagnsóknarmálinu verði vísað frá undirrjettinum sem of seint framkomnu, þá getur yfirdómurinn ekki fallizt á þessa kröfu. Úrskurði gestarjettarins um, að mótmæli áfrýjanda gegn reassumptioninni ekki verði tekin til greina, hefur ekki sjerstaklega verið áfrýjað og engin rök eru færð til þess, að gagnsóknin sje of seint fram komin.

Kemur þá til álita aðalefni málsins.

Mál þetta er upprunalega höfðað af áfrýjanda gegn hinum stefnda út af viðskiptum málsaðila út af hestakaupum stefnda fyrir áfrýjanda sumarið 1885 og telur hann stefnda skulda sjer út af þeim 622 kr., en hefur frá þessari upphæð dregið 346 kr. 70 au., er stefndi átti inni við verzlun áfrýjanda, og síðan krafizt mismunarins, 275 kr. 30 au.; en hinn stefndi hefur haldið því fram, að hestakaup hans fyrir áfrýjanda 1885 hafi verið eins og önnur verzlunarviðskipti þeirra á milli, og því mótmælt, að þeim sje haldið sjer, og heimtar, að reikningur sá, sem hann hefur lagt fram í málinu, og sem áfrýjandi hefur út gefið til hans 3. okt. 1885, verði lagður til grundvallar fyrir viðskiptum málspartanna.

Yfirdómurinn verður nú að fallast á, að hestakaup stefnda fyrir áfrýjanda 1885 hafi verið ein hlið af viðskiptum þeirra, og áfrýjandi virðist sjálfur hafa

litið svo á, þar sem hann að nokkru leyti færði þau inn í verzlunarreikning stefnda, og málsfærsla hans að öðru leyti stefnir í þá átt. En eptir málavöxtum ber að leggja til grundvallar, ekki reikning áfrýjanda til stefnda frá 3. okt. 1885, heldur reikning áfrýjanda til sama frá 1. nóvbr. 1885, saman borinn við yfirlit það, sem lagt er fram sem No. 3 í rjettarskjalinu No. 3.

Nú hefur hinn stefndi komið fram með ýmsar þær mótbárur og vefengingar á þessum sóknargögnum, er nú skal greina.

1. Að í nefndu yfirliti sjeu færðar honum til skuldar 292 kr., sem sje andvirði 4 hesta, er áfrýjandi segir, að týnzt hafi hjá stefnda úr geymslu; en þetta telur hann með öllu rangt, því bæði sje það, að ekki hafi týnzt úr geymslu frá honum nema 3 hross, og svo sje verðið á þeim 3 hestum, sem týndust, sett of hátt um 77 kr., og þar sem 73 kr. sjeu af áfrýjanda reiknaðar fyrir hvert hross, af hverjum eitt aldrei hafi tapazt hjá honum, því það hafi aldrei verið keypt, en hin voru keypt fyrir samtals 142 kr., þá sje þessi gjaldliður oftalinn um 150 kr.

Með því áfrýjanda nú ekki hefur gegn neitun stefnda tekizt að sanna, að þessi eini hestur (hinn 4.) hafi týnzt úr gæzlu hjá stefnda, ber honum að endurgjalda stefnda 73 kr., eins og honum er gjört með gestarjettardóminum. En að því snertir hina 3 hestana, sem stefndi hefur kannazt við, að hann hafi misst úr gæzlu, þá kemur málspörtunum ekki saman um verðið á þeim; að vísu má álíta sannað, hvað þeir upphaflega voru keyptir fyrir, sem sje 142 kr.; en áfrýjandi telur mikinn

kostnað hafa bætt við hið upphaflega verð og hefur reiknað hvern af hestunum upp og ofan á 73 kr., og jafnframt skýrskotað til, að stefndi hafi selt sjer 10 hesta fyrir 73 kr. hvern, er ekki hafi verið betri, en þeir sem týndust, og þessu er ekki nægilega mótmælt af hinum stefnda. Það verður því eptir atvikum að álíta, að það sje hæfilegt verð, sem áfrýjandi hefur reiknað, 73 kr. fyrir hvern þeirra.

2. Þá hefur stefndi haldið því fram, að áfrýjandi hafi 1885 heitið sjer lægra verði á ýmsum vörum, en í reikningnum standi, og nemi þetta, reiknað til peninga, 61 kr. 53 a., og hefur því til sönnunar lagt fram staðfest vottorð frá 2 mönnum um, að áfrýjandi hafi lofað sjer og öðrum því verði á vörum þeim, er hann ljeti úti á móti hestum, sem á vörunum væri almennt í Reykjavík gegn peningum, svo og óstaðfest vottorð frá 2 verzlunarmönnum í Reykjavík um verðlag á ýmsum varningi. En það er bæði, að fyrnefnt vottorð er ódagsett, og getur því ekki sannað það, sem það á að sanna, að áfrýjandi hafi lofað þessu vöruverði 1885, enda er hið síðara vottorð óstaðfest og mótmælt af áfrýjanda. Krafa stefnda um, að honum verði dæmd þessi upphæð, verður því ekki tekin til greina.
3. Þá hefur hinn stefndi haldið því fram, að áfrýjandi hafi vanrækt að telja sjer til góða í viðskiptareikningnum ýmsar upphæðir, nefnilega:
 - a, Gjafafje hins stefnda að upphæð 15 kr.—
 Það verður að álíta það viðurkennt af áfrýjanda, að honum hafi borið að greiða stefnda

þessar 15 kr. En hann hefur alls ekki, gegn neitun stefnda, getað fært neina lögmæta sönnun fyrir, að hann í raun og veru hafi greitt honum þetta fje, og verður því að telja þetta fje stefnda til góða hjá áfrýjanda.

b, Ýmsar upphæðir út af hestakaupum fyrir áfrýjanda 1885, nefnilega:

sem vanborgað upp í hestakaupin	29 kr.
fyrir gæzlu á hestum í 2 nætur í byrjun ágústmán. 1885	6 —
vangoldinn ferðakostnað í júlímán. 1885	26 —
fyrir útkeyptan hest í Ölfusi	2 —
fyrir 3 hesta til að reka hross til Reykjavíkur	6 —

Samtals 69 kr.

Að því þessar upphæðir snertir, hefur hinn stefndi ekki fært neinar sannanir, hvorki fyrir að hann í raun rjettri hafi greitt þær, nje að hann hafi gjört það fyrir áfrýjanda, en áfrýjandi hefur fastlega mótmælt þeim, sem sjer með öllu óviðkomandi. Verður því þessi krafa stefnda ekki tekin til greina.

c, Fyrir næturgæzlu á 90 hestum í 10 daga, 90 kr. Áfrýjandi hefur haldið því fram, að hann hafi átt að borga 10 aura fyrir hestinn um daginn, er hann telur sama sem um sólarhringinn, en stefndi vill að eins láta það þýða hálfan sólarhring. Hvað í þessu tilliti hafi verið um samið milli málspartanna, er ekki sannað; en áfrýjandi hefur haldið því fram, að 10 aur. um sólarhringinn fyrir hest-

inn sje hæsta borgun hjer um slóðir, og hefur stefndi ekki mótmælt því, enda er það kunnugt að svo er. Þessi krafa stefnda er því ekki á rökum byggð.

- d, Þá telur stefndi áfrýjanda eiga að greiða sjer 60 kr., er hann hafi greitt fyrir áfrýjanda upp í hrossverð, nefnil. 30 kr. til Jóns á Völlum og 30 kr. til Guðbrandar í Miðdal, en áfrýjandi hafi talið nefndum mönnum þetta til skuldar sem greitt af honum sjálfum (áfrýjandanum). Það er líka svo, að áfrýjandi hefur fært nefndum mönnum þessar upphæðir til skuldar; en á hinn bóginn verður að álíta nægilega sannað, að stefndi hefur greitt þeim fjeð af því fje, er áfrýjandi fjekk honum til hestakaupa, og hefur skuldað hann fyrir. Þetta fje virðist því að vera tvitalið og reiknað bæði stefnda og greindum 2 mönnum til skuldar, og verður því að fallast á ákvæði gestarjettardómsins þar að lútandi, sem sje að stefnda beri að fá endurgoldnar þessar 60 kr.
4. Þá hefur stefndi neitað, að honum beri að borga 3 kr., er honum eru taldar til skuldar, sem greiddar sendimanni til stefnda frá áfrýjanda, og sem áfrýjandi telur að hafi verið í þarfir stefnda, en sem hann hefur neitað, og áfrýjandi ekki fært nein rök að, og verður yfirdómurinn því að fallast á kröfu stefnda um, að honum verði reiknaðar þessar 3 kr. til góða.
5. Loks hefur hinn stefndi haldið því fram, að áfrýjandi hafi heimildarlaust fært sjer til skuldar 25 kr. 50 a. fyrir vörur, er hann hvorki hafi sjálfur

fengið nje leyft öðrum að taka út í sinn reikning, er hann því heimtar að dregnar sjeu út úr reikningnum. Og með því að alls engin sönnun er sýnd fyrir því, að stefndi hafi leyft manni þeim, er tjáist hafa fengið þessar vörur (tvo hálfsekki maís), að taka þær út í reikning hans, en því hefur stefndi ítarlega neitað, þá verður að fallast á það, að undirdómarinn hefur sýknað hann fyrir kröfu áfrýjanda, að því er snertir þessar 25 kr. 50 aura.

Að því snertir 2 kr. 41 e., er stefndi einnig telur sjer ranglega færðar til skuldar, þá verður að álíta, að áfrýjandi hafi fært næg rök fyrir, að hann með rjettu hefur talið stefnda þessa upphæð til skuldar.

Samkvæmt áðursögðu gengur þannig frá kröfu áfrýjanda , . . . Kr. 275.30
 Kr. 73,00+15,00+60,00+3,00+25,50= — 176,50

Verða eptir kr. 98,80 sem verður að skylda stefnda til að greiða áfrýjanda með 5⁰/₀ vöxtum frá stefnudegi þangað til greitt verður.

Málskostnaður fyrir báðum dómum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi, Finnbogi Árnason, á að greiða áfrýjanda, B. H. Bjarnasyni, 98 kr. 80 au. með 5⁰/₀ vöxtum frá 8. ágústm. 1887 til borgunardags. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður. Hið ídæmda lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.